

## Símenntunaráætlun Ísaksskóla 2022- 2023

Símenntunaráætlun<sup>1</sup> er unnin árlega. Skólastjóri og verkefnastjóri ákveða almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans og óskum starfsfólks. Símenntunarstefna er mótuð í samræmi við kennslufræðilegar áherslur og stefnu skólans að öðru leyti. Samkvæmt gildandi lögum um grunnskóla kemur m.a. fram að sveitarstjórnir skuli greiða upphæð er svarar til 1,3% af dagvinnulaunum kennara og skólastjóra í sveitarfélaginu í sérstakan sjóð er Samband íslenskra sveitarfélaga annast rekstur á og varðveitir (sjá 25.gr.). Einnig er tilgreint í lögnum í kafla um skólaþróun og tilraunaskóla að kennarar og skólastjórar grunnskóla skuli eiga kost á endurmenntun í þeim tilgangi að efla starfshæfni sína, kynnast markverðum nýjungum í skóla- og uppeldismálum og njóta stuðnings við nýbreytni- og þróunarstörf. Til þessa verkefnis skal árlega veitt fé á fjárlögum. Að frumkvæði skólastjóra mótar hver skóli áætlun um hvernig endurmenntun starfsfólks hans skuli hagað svo að endurmenntunin sé í sem bestu samræmi við þær áherslur sem fram koma í skólanámskrá (sjá 50.gr.).

### Áherslur 2022-2023

ART: Nokkrir umsjónarkennarar ásamt einum þroskaþjálfara fóru á ART námskeið fyrir hönd skólans. ART stendur fyrir Aggression Replacement Training og er fastmótað uppeldisfræðilegt þjálfunarmódel sem hefur það að markmiði að fyrirbyggja óæskilega hegðun og kenna aðrar leiðir til að leysa samskipta-, tilfinninga- og hegðunarvanda. Módelið er byggt á ýmsum stefnum og straumum úr sálfræði til dæmis atferlismótun. ART var þróað í Bandaríkjunum af Arnold P. Goldstein, Barry Glick og John C. Gibbs.

Í ART er unnið með félagsfærni, sjálfsstjórn og siðferðisvitund þátttakenda. Með því að vinna með þessa þrjá þætti samhliða næst betri og varanlegri árangur heldur en ef aðeins væri unnið með einn þátt í einu. Þessir þættir eru meðal annars þjálfaðir með sýnikennslu, hlutverkaleik, jákvæðri styrkingu, æfingum og umræðum.

Þegar reynsla er komin á ART og virkni þess í Ísaksskóla verður metið hvort fleiri kennarar og þroskaþjálfar verða sendir á námskeið í ART og hvort farið verður í að fá ART – vottun.

Sjá nánar hér: <https://www.isart.is/art-og-adalnamskra-grunnskola/>

---

<sup>1</sup> Símenntun skiptis í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem starfsfólk metur æskilega eða nauðsynlega til þess að styrkja sig í starfi.

Hluti af þessum tíma ætti að teljast til endurmenntunarstunda kennara, eða: Námskeiðsdagarnir 4: 32 tímar. Aukaundirbúningur fyrir ART tíma umfram 20 mín. pr. skipti: 12 tímar. Myndbandið: 15 tímar. Lestur: 50 tímar. Alls: 109 tímar.

Fjöldi kennara tók einnig þátt í UTIS 23. – 25. september 2022. Sjá nánar [hér](#).

### Áætluð námskeið 2022-2023 á vegum skólans

- ✓ Mentor – Einstaklingsnámskrá, sérkennarar og þroskaþjálfar) Andrea Gunnarsdóttir, september 2022
- ✓ Námskeið í One drive – Ingvar/KPMG, október 2022
- ✓ Jákvæð samskipti og starfsandi - Rakel Davíðsdóttir sálfræðingur hjá Vinnuvernd, ágúst 2022
- ✓ Skyndihjálparnámskeið: Ólafur Ingi Grettisson slökkviliðsmaður og bróðir Grettlu, ágúst 2022
- ✓ Streita, streitustjórnun og bjargráð - Jakob Gunnlaugsson sálfræðingur hjá Vinnuvernd, ágúst 2022
- ✓ Starfsánægja, samskipti & samstarf - Heilsuvernd, fjallað er um mikilvægi starfsánægju og góðra samskipta og samstarfs á vinnustað. Sýnt verður fram á hvernig stuðla megi að betri líðan, aukinni vinnugleði og starfsánægju á vinnustað sem aftur skilar sér í auknum afköstum, meiri framlegð og sameiginlegum sigrum stjórnenda og starfsmanna. Markmiðið er að stilla saman strengi stjórnenda og starfsmanna og skapa í kjölfarið öflugt & samhent teymi sem líður vel og gengur vel, nóvember 2022
- ✓ Námskeið vegna barna í vanda - Barnastofa Áætlað í febrúar 2023.

## Framkvæmd símenntunar

Ábyrgð skólans: Skólastjóri/verkefnastjóri eru ábyrgir fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlana. Ábyrgð starfsmanna: Starfsfólk eru ábyrgt fyrir eigin símenntun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika. Það tekur virkan þátt í gerð eigin símenntunaráætlunar, fylgir henni eftir og óskar eftir aðstoð ef þörf krefur. Það tekur einnig virkan þátt í gerð símenntunaráætlunar skólans. Tími til símenntunar: Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni. Kennarar hafa allt að 94-150 stundir til símenntunar á ári og annað starfsfólk, a.m.k 16 stundir á ári.

Jafnræði til náms: Reynt verður að jafna tækifæri til símenntunar hverju sinni en einnig verður tekið tillit til þátttöku starfsmannsins á fyrri árum. Endurskoðun: Gert er ráð fyrir að símenntunaráætlun starfsfólks sé í stöðugri endurskoðun og geti breyst m.a. eftir aðstæðum, framboði og verkefnum hverju sinni. Tilbúin símenntunaráætlun: Símenntunaráætlun starfsmanns er geymd í möppu hans á skrifstofu skólans en starfsmaður fær einnig afrit af áætlun sinni. Símenntunaráætlun er birt í skólanámskrá. Framhaldsnám: Framhaldsnám í fjarnámi er styrkt af skóla með þeim hætti að starfsmanni er gefið leyfi á launum til að sækja staðbundnar lotur að hámarki í 5 -10 daga. Þess í stað kynna fjarnámsnemendur verkefni sín á kennarafundum. Framhaldsnám telst ekki hluti af 150 tímunum nema það tengist beint símenntunaráætlun skólans. Skrá skal framhaldsnám sem hluta af einstaklingsáætlun starfsmanns. Starfsmenn sækja um námskeið til skólastjóra í starfsmannasamtölum en einnig á öðrum tíma ef þurfa þykir. Forgangsráðað verður í samræmi við áherslur skólans og fjármagn.